

HÆTTULEG EFNI OG ÁRANGURSRÍK SAMSKIPTI Á VINNUSTÖÐUM

1. Inngangur

Atvinnurekendur, starfsmenn og fulltrúar þeirra þurfa að þekkja áhætturnar gegn heilbrigði starfsmanna á vinnustaðnum og hvernig eigi að hafa stjórn á þeim. Það er áskorun að koma þeim vel til skila. Nýju reglugerðirnar um skráningu, mat og leyfisveitingu kemískra efna (REACH ⁽¹⁾) og um flokkun, merkingu og umbúðir (CLP ⁽²⁾) gagnast við að sigrast á áskorunum tengdum því.

REACH miðar að því að bæta bæði magn og gæði þeirra upplýsinga, sem eru í boði, um kemísk efni auk þess að kveða á um ný ákvæði varðandi samskipti í virðiskeðjunni. CLP notar síðan upplýsingarnar til þess að kveða á um nákvæma flokkun og hættusamskipti fyrir notandann. Þetta staðreyndablað er uppfærsla á staðreyndablaði 35 ⁽³⁾ og kynnir viðeigandi breytingar. Það inniheldur líka atriði til að hafa í huga svo að samskipti á vinnustaðnum um hættuleg efni séu árangursrík.

Það er mikilvægt að hafa í huga að hætturnar fara eftir því hvernig og við hvaða kringumstæður efnin eru notuð á vinnustaðnum. Almenn er hveitiryk ekki talið hættulegt en það getur ógnað heilsu bakara og jafnvel valdið sprengingum. Það sama á við vatn, til að mynda eimað vatn, sem notað er á rannsóknarstofum, þegar það kemst í snertingu við efni sem það hvarfast kröftuglega við (t.d. sum peroxíð). Samkvæmt löggjöf um vinnustaði skulu atvinnurekendur hafa yfirsýn yfir alla þessa áhættuþætti og hvernig þeir geta spilað saman og skapað áhættur fyrir starfsmenn. Þeir þurfa líka að hafa allar vörurnar í huga, jafnvel þegar þær eru notaðar sem milliliðir, þegar kemur að geymslu, flutningum og allri viðeigandi notkun þeirra.



David Tijero Osorio

2. Löggjöf

Öryggisupplýsingablöð og merkimiðar eru mikilvægir staðir fyrir upplýsingar um hættur kemískra efna. Birgjar, framleiðendur eða innflytjendur hættulegra efna eða efnablandna þurfa að merkja umbúðir í samræmi við CLP áður en efni eru sett á markað og búa til öryggisupplýsingablöð fyrir notendur í atvinnuskyni. Reglur um öryggisupplýsingablöð má finna í REACH og eru þær til þess að gera atvinnurekendum kleift að leggja mat á allar mögulegar áhættur fyrir starfsmenn og/eða umhverfið. Birgar hættulegra kemískra efna (efna og efnablandna) ættu einnig að bjóða upp á upplýsingar um ætlaða notkun þeirra. Öryggisupplýsingablöð fyrir mörg hættuleg kemísk efni skulu innihalda *váhrifssviptmyndir* sem lýsa ætlaðri notkun efnisins, skilyrðum fyrir notkun þess og ráðstöfunum fyrir áhættustjórnun við notkun þeirra.

REACH og CLP gilda ekki (að fullu) um nokkrar gerðir efna, til dæmis um lyf eins og frumuhemjandi lyf, snyrtivörur eins og hárgreiðsluvöru og matvæli og fóðurvörur. Notendur hafa af þeim sökum ef til vill ekki aðgang að öryggisupplýsingablöðum eða merktum kemísku efnum en þeir þurfa þá að nálgast upplýsingar um hættur og örugga notkun efnanna á öðru sniði hjá birgjum.

Tilskipunin um kemísk efni ⁽⁴⁾ kveður á um að atvinnurekendur skuli verða sér úti um nauðsynlegar upplýsingar til viðbótar frá birgja eða eftir öðrum tiltækum leiðum fyrir áhættumat á vinnustaðnum. Það er einnig á ábyrgð atvinnurekandans að tryggja að allir starfsmenn og fulltrúar þeirra fái upplýsingar og

¹ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 varðandi skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir á kemískum efnum (REACH), stofnun Efnastofnunar Evrópu, breytingu á tilskipun 1999/45/EB og afnám reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94 ásamt tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB og síðari breytingar (<http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:L:2006:396:0001:0849:EN:PDF>).

² Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingar og umbúðir efna og efnablandna, sem gerir breytingar á og fellir úr gildi tilskipanir 67/548/EBE og 1999/45/EB og gerir breytingar á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (texti sem varðar EES) og síðari breytingar (<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=CELEX:32008R1272>).

³ <https://osha.europa.eu/en/publications/factsheets/35/view>

⁴ Tilskipun ráðsins 98/24/EB frá 7. apríl 1998 um verndun heilbrigðis og öryggis starfsmanna gegn áhættum er tengjast kemískum efnum á vinnustöðum (fjórtaða sjálfstæða tilskipunin í skilningi 16. greinar (1) í tilskipun 89/391/EBE) <http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:L:1998:131:0011:0023:EN:PDF>.

þjálfun um:

- hættulega eiginleika kemísku efnanna;
- stig, gerð og tímalengd váhrifa og kringumstæðna vinnunnar;
- viðeigandi varúðarráðstafanir til þess að vernda sjálfa sig og aðra starfsmenn á vinnustaðnum, þar á meðal hvað skuli gera við slyss (t.d. spillingu) eða neyðaraðstæður;
- áhrif verkferla fyrir áhættustjórnun;
- viðeigandi váhrifsmörk (OEL) á vinnustaðnum;
- þær ályktanir sem draga má af heilbrigðiseftirliti og váhrifsmati sem þegar hefur verið gert.



Dries Vanderschaeghe

Auk þess skal atvinnurekandinn tryggja að starfsmenn séu meðvitaðir um breytingar á verkferlum eða efnum í notkun.

Það eru sérstakar reglur fyrir vernd ungra einstaklinga og þungaðra eða mjólkandi starfsmanna og starfsmanna, sem nýlega hafa fætt börn, og um upplýsingar til þeirra og lögráðamanna barna undir 15 ára aldri, sem framkvæma (auðveldu) vinnu, um áhættu gegn heilbrigði og öryggi og fyrirbyggjandi ráðstafanir ⁽⁵⁶⁾.

Atvinnurekendur skulu halda skrár yfir váhrif og heilbrigðiseftirlit með starfsmönnum, sem eru líklegir til þess að komast í snertingu við hættuleg efni, einkum krabbameinsvalda og stökkbreytivalda ⁽⁷⁾ og veita starfsmönnum aðgang að persónulegum upplýsingum um þá.

Tilskipanir um vinnustaði í Evrópusambandinu þarf að innleiða í landslög. Aðildarríkjunum er frjálst að bæta við

aukalegum, ítarlegri eða strangari ákvæðum fyrir vernd starfsmanna því tilskipanirnar kveða aðeins á um lágmarkskröfur.

Það er því er eindregið mælt með því að leita skýringa á innlendri löggjöf sem kann að gilda um notkun hættulegra efna á vinnustaðnum.

Merkingar á kemískum efnum

CLP reglugerðin kveður á um staðlaðar upplýsingar sem setja skal á merkimiða, myndtákn og öryggisupplýsingablöð fyrir notendur. Hún kemur í stað fyrri tilskipana um hættuleg efni og efnablöndur. Allt fram til 1. júní 2015 má, hins vegar, nota gömlu flokkunina, merkingarnar og umbúðirnar fyrir efnablöndur. Fresta má endurmerkingu og endurpökkun á efnablöndum, sem þegar hafa fengið merkingar og umbúðir, og eru í virðisæðjunni hinn 1. júní 2015 til 1. júní 2017. Frá 1. júní 2017 þurfa allar merkingar og umbúðir að vera í samræmi við nýju reglugerðina, þar á meðal á vörum sem settar voru á markað fyrir 1. júní 2015.

Merkimiðinn skal innihalda eftirfarandi upplýsingar:

- upplýsingar um hvernig má hafa samband við birgjann(ana);
- nafn/nöfn vörunnar og efnanna (venjulega að hámarki fjögur) í vörunni sem hún flokkast eftir;
- viðeigandi auðkennisnúmer, t.d. FE ⁽⁸⁾ eða CAS ⁽⁹⁾ númer;

⁵ Tilskipun ráðsins 92/85/EBE um ráðstafanir til þess að hvetja til úrbóta á öryggi og heilbrigði á vinnustöðum þungaðra starfsmanna og starfsmanna, sem nýlega hafa fætt börn, eða eru með barn á brjósti (tíunda sjálfstæða tilskipunin í skilningi 16. greinar (1) í tilskipun 89/391/EBE) (<http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:L:1992:348:0001:0007:EN:PDF>).

⁶ Tilskipun ráðsins 94/33/EB um verndun ungmenna á vinnustöðum (<http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:L:1994:216:0012:0020:EN:PDF>).

⁷ Tilskipun ráðsins 90/394/EBE um vernd starfsmanna gegn áhættum er tengjast váhrifum krabbameinsvalda á vinnustöðum (sjötta sjálfstæða tilskipunin í skilningi 16. greinar (1) í tilskipun 89/391/EBE) (<http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:L:1990:196:0001:0007:EN:PDF>).

⁸ Númer framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, eða FE númer, einnig þekkt sem FE nr.; og FE# er einstakt sjö stafa auðkenni sem hverju kemísku efni er úthlutað af stjórnvöldum í reglugerðarskyni innan Evrópusambandsins. Listinn yfir efni með FE númer er kallaður FE skráin (<http://esis.irc.ec.europa.eu/index.php?PGM=ein>)

⁹ CAS skráningarnúmer er einstakt auðkennisnúmer sem getur innihaldið allt að 10 tölustafi og er skipt í þrjá hluta með bandstrikum. Til

- staðlaðar ábendingar um hættur: hættumerki, orðamerki, hættuyfirlýsingar og varúðaryfirlýsingar.

Hættumerkin nýju koma í stað gömlu hættumerkjanna, hættuyfirlýsingarnar koma í stað gömlu R-frasanna og varúðaryfirlýsingarnar koma í stað gömlu S-frasanna sem kveðið var á um í fyrri löggjöf. Dæmi um hættumerki í CLP eru:



líffæraskemmandi efni



eldfim efni

Dæmi um hættu- og varúðaryfirlýsingar eru H312 *hættulegt ef kemst í snertingu við húð*, EUH070 *eitrandi ef kemst í snertingu við augu* og P262 *má ekki berast í augu, á húð eða í fatnað* ⁽¹⁰⁾.

Áhættu- og öryggisfrasarnir, sem kveðið var á um í gamla kerfinu (tilskipanir 67&548/EBE og 99/45/EB), má enn nota fyrir efnablöndur fram til 1. júní 2015.

Öryggisupplýsingablöð

Birgar kemískra efna þurfa að bjóða upp á öryggisupplýsingablöð fyrir mörg hættuleg efni þar sem upplýsingar eru um:

- eiginleika efnisins;
- hættur gegn heilbrigði, umhverfi ásamt líkamlegum kemískum hættum;
- geymslu, meðhöndlun, flutning og förgun að lokum;
- öryggisleiðbeiningar fyrir starfsmenn og um slökkvistarf, um óviljandi spillingu og skyndihjálp.

Öryggisupplýsingablöðin þurfa að innihalda tilvísanir til viðeigandi OEL og afleiddra stiga án áhrifa (DNEL)⁽¹¹⁾ sem REACH kveður á um. Starfsmenn eða fulltrúar þeirra skulu hafa aðgang að öryggisupplýsingablöðunum. Atvinnurekandinn skal aðlaga ráðstafanirnar í öryggisupplýsingablöðunum, sem mælt er með, að aðstæðum vinnustaðarins.

Öryggisupplýsingablöð fyrir efni, sem framleidd eru eða flutt inn í meira magni en 10 tonn á ári, og eru flokkuð sem hættuleg, skulu innihalda *váhrifssviðsmyndir* sem lýsa ætlaðri notkun efnisins, skilyrðum við notkun og ráðstöfunum fyrir áhættustjórnun við notkun. Notendur ættu að athuga hvort þeir nota efnið í samræmi við váhrifssviðsmyndina(myndirnar) sem fylgja með. Ef þeir gera það ekki ættu þeir að senda birga upplýsingar um sérstakar aðstæður sína en hann þarf síðan að taka mið að þessum upplýsingum.



Nuno Olivera

Aðrir staðir fyrir upplýsingar

Engin öryggisupplýsingablöð eru í boði fyrir nokkrar vörur líkt og lyf og snyrtivörur (t.d. hársnyrtivörur). En hins vegar er jafnvel þörf á frekari upplýsingum fyrir kemísk efni sem koma með öryggisupplýsingablöðum. Til þess að fá nauðsynlegar upplýsingar fyrir áhættumat og nauðsynlegar forvarnir má því:

- nota aðrar heimildir (t.d. tæknilegar upplýsingar, notkunarupplýsingar, gagnabanka með upplýsingar um kemískar áhættur, svo sem hjá Efnastofnun Evrópu (<http://echa.europa.eu/web/guest/information-on-chemicals>), eða útgefið efni á sviði tækni eða vísinda);
- spyrja birgja;

dæmis er 58-08-2 CAS skráningarnúmerið fyrir koffín. CAS skráningarnúmeri er úthlutað efni þegar það er skráð í gagnagrunninn CAS REGISTRY. CAS REGISTRY inniheldur yfir 71 milljón lífræn og ólífræn efni og 64 milljón raðir. Hann inniheldur efni sem auðkennt hafa verið í útgefnu vísindaefni frá 1957 og fram til dagsins í dag auk annarra efna sem ná aftur allt til fyrrihluta tuttugustu aldar. Um 15.000 nýjum efnum er bætt við á hverjum degi. (<http://www.cas.org/content/chemical-substances>).

¹⁰ <https://osha.europa.eu/en/topics/ds/clp-classification-labelling-and-packaging-of-substances-and-mixtures>

¹¹ Samkvæmt REACH eru kröfur um heilsufarstengd stig án áhrifa (DNEL) sem koma skal til framkvæma fyrir váhrif á vinnustöðum (og utan vinnu) fyrir efni sem framleidd eru eða flutt inn til Evrópu í árlegu magni yfir 10 tonn. Frekari upplýsingar má finna í [algenqum](#) spurningum um REACH og CLP.

- ráðfæra sig við fyrirtæki á sviði fyrirbyggjandi ráðstafana;
- leita ráða hjá fagsamtökum (verslunarsamtökum, viðskiptaráðum, stéttarfélögum, tryggingarfélögum og öðrum);
- hafa samband við yfirvöld.

Lykilatriði

- Fylgstu með nýjum merkjunum og öryggisupplýsingablöðum.
- Þjálfðu starfsmenn í því að skilja og þekkja nýjar upplýsingar á merkjunum.
- Athugaðu hvort öryggisupplýsingablaðið fjalli um efni eða blöndu sem þú notar og að ekki sé ráðlagt gegn því að nota það.
- Fylgdu ráðgjöfinni á nýju merkjunum og öryggisupplýsingablöðunum.
- Athugaðu hvort flokkunin hafi breyst.
- Leggðu mat á áhættunarfyrir starfsmenn og uppfærðu áhættumat fyrirtækisins ef þörf krefur.
- Ef þú ert atvinnurekandi skaltu koma þessum breytingum á framfæri við starfsmenn þína.
- Ef þú hefur spurningar um nýju merkin eða öryggisupplýsingablöðin skaltu tala við birgjann.

Heimild: Stjórnarsvið atvinnamála.

Dæmi um gagnleg upplýsingakerfi

- Vefsíða HSE í Bretlandi *COSHH essentials* (is. *helstu þættir varðandi COSHH*) býður upp á auðveld skref til þess að leggja mat á og hafa eftirlit með heilbrigðisáhættum af völdum kemískra efna á vinnustöðum (<http://www.coshh-essentials.org.uk>), þar á meðal dæmi um áhættumat fyrir margar atvinnugreinar ásamt vinnuferlum og raundæmum um raunverulegar aðstæður.
- Gestis gagnagrunnurinn um hættuleg efni (<http://www.dguv.de/ifa/en/gestis/stoffdb>) inniheldur upplýsingar um 8.000 kemísk efni á vinnustöðum. Kerfið tengist váhrifsgagnagrunni (MEGA) með upplýsingum frá yfir 60.000 fyrirtækjum, gagnagrunni með öryggisupplýsingablöðum (ISI), alþjóðlegum OEL gagnagrunni (mörk um 1.7000 efna eru listuð) og DNEL gagnagrunni. Auk þess er honum að finna gagnagrunnur um bruna- og sprengieinkenni (Gestis-Dust-Ex) yfir 4.600 ryksýna frá flestum geirum iðnaðarins.
- Alþjóðlegu öryggiskortin yfir kemísk efni (ICSC; <http://www.ilo.org/dyn/icsc/showcard.home>) voru búin til af alþjóðlegum fyrirtækjum fyrir yfir 1.700 efni. Þau eru notuð á verksmiðjugólfi og eru oft hluti af fræðslu- og þjálfunarstarfi. Einnig geta stofnanir, sem bregðast við atvikum er varða kemísk efni, notað þau.
- ISCS eru hluti af alþjóðlegri gátt OECD fyrir upplýsingar um kemísk efni (eChemPortal, <http://www.oecd.org/env/ehs/risk-assessment/echemportalglobalportaltoinformationonchemicalsubstances.htm>) sem veitir almenningi ókeypis aðgang að upplýsingum um eðlis- og efnafræðilega eiginleika og upplýsingar um eiturhrif. eChemPortal gáttin veitir milliliðalaus hlekki á upplýsingasöfn sem búin hafa verið til fyrir endurskoðunaráætlanir á innlendum, svæðisbundnum og alþjóðlegum vettvangi. Hún býr einnig yfir flokkunarniðurstöður samkvæmt innlendum hættuflokkunaráætlunum eða samkvæmt alþjóðlega samræmda kerfinu fyrir flokkun og merkingar á kemískum efnum (GHS). Auk þess veitir eChemPortal gáttin váhrifs- og notkunarupplýsingar um kemísk efni. Sækja má bækling með frekari upplýsingum um eChemPortal verkefnið á Netinu ⁽¹²⁾.
- Alþjóðlega tólaúskistan fyrir stjórn á kemískum efnum (http://www.ilo.org/legacy/english/protection/safework/ctrl_banding/toolkit/icct) býður upp á leiðir til að verjast hættulegum kemískum efnum á vinnustöðum fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki í þróunarlöndunum en þar er fjallað meðal annars um skordýraeitur og algenga leysa. Hún býður upp á leiðbeiningablöð fyrir ákveðin verkefni þar sem meðhöndlun hættulegra efna kemur við sögu eins og blöndun, áfylling sekkja eða viðhald á staðbundinni útblásturslofttræstingu.
- Þýska sambandsstofnunin á sviði vinnuverndarmála (BAuA) hefur búin til eftirlitsáætlanir fyrir vinnustaði, sem eru auðveldar í notkun, og ná yfir áhættur af völdum eldsvoða og sprenginga og skyldur samkvæmt CLP, EMKG (<http://www.baua.de/en/Topics-from-A-to-Z/Hazardous-Substa>

¹² <http://www.oecd.org/env/ehs/risk-assessment/oecd%20brochure-1c%204-12->

nces/Hazardous-Substances.html).

- Stoðgáttin fyrir staðgengdarefni (SUBSPORT: <http://www.subsport.eu/>) inniheldur 28 lista yfir efni með (ráðlögðum) takmörkun á notkun og gagnagrunn yfir staðgengdartilvik ásamt þjálfunarefni til þess að styðja við innleiðingu á notkun staðgengdarefna á verksmiðjugólfi.
- Alþjóðavinnumálastofnunin hefur gefið út leiðbeiningar fyrir heilbrigðis- og öryggisnefndir sem finna má á: <http://actrav.itcilo.org/actrav-english/telearn/osh/kemi/ciwmmain.htm>.
- Einnig er hægt að finna fjölmargar upplýsingar og kerfi frá atvinnugeirahópum iðnaðarins eða innlendum stjórnvöldum og stofnunum í aðildarríkjunum sem bjóða upp á leiðbeiningar, lýsingar og hlekki. Til dæmis býður Rúmenía upp á *leiðarvísi fyrir atvinnurekendur um hvernig megi draga úr snertingu starfsmanna við hættuleg kemísk efni á vinnustaðnum*.

Gátlisti fyrir upplýsingar til starfsmanna

Veist þú:

- um áhættumatið á vinnustaðnum þínum?
- hvaða hættum þú stendur andspænis?
- hvaða áhrif þær kunni að hafa á þig?
- hvað þú þurfir að gera til þess að halda sjálfum þér og öðrum öruggum (þ.e. hvernig stjórna megi áhættu)?
- hvernig á að athuga og bera kennsl á vandamál og hverjum þú eigir að segja frá þeim?
- um niðurstöður vahrifa eða annars heilbrigðiseftirlits?
- um fyrirbyggjandi ráðstafanir og aðrar ráðstafanir sem grípa skal til við viðhald?
- um skyndihjálp og neyðarferla?

Gátlisti fyrir góð samskipti á milli atvinnurekanda og starfsmanna

Er listi yfir hættuleg efni notaður eða gerður á hverjum vinnustað? Á honum ætti að vera hægt að finna vörur frá undirverktökum og vörur svo sem kælimiðla, skordýraeitur, tæknilegar olíur, ræstiefni eða eldsneyti.

- Eru öryggisupplýsingablöð við höndina fyrir hvert hættulegt kemískt efni í notkun? Eru aðrar leiðbeiningar eða varnir fyrir starfsmenn í boði?
- Hafa upplýsingarnar á öryggisupplýsingablaðinu og aðrar leiðbeiningar verið þýddar yfir í vinnuleiðbeiningar sem veita hagnýtar upplýsingar um meðhöndlun og notkun kemískra efna í daglegum störfum?
- Erum við meðviðtuð um flæði kemískra efni í gegnum fyrirtækið? Hversu mikið er keypt og af hverjum? Hversu mikið er geymt í einstök skipti? Hvert fara kemísku efnin? Hver ákveður hvað er keypt og hver sé með í ráðum?
- Er hvert ílát fyrir hættuleg efni (t.d. keröld, flöskur, geymslutankar) merktir með heiti vörunnar og viðeigandi hættuviðvörðunum sem tengjast bæði líkamlegum hættum (t.d. sprengifimi) og hættum gegn heilbrigði?
- Hefur áhættumat verið framkvæmt og niðurstöðum þess komið á framfæri?
- Eru starfsmenn reglulega spurðir um hugsanleg vandamál gegn heilbrigði og öryggi?
- Hafa starfsmenn fengið allar viðeigandi upplýsingar, leiðbeiningar og þjálfun varðandi hættuleg efni á vinnustaðnum, þar á meðal varúðarráðstafanir, sem þeir ættu að gera, til þess að vernda sjálfa sig og aðra starfsmenn?
- Vita allir starfsmenn:
 - hvernig á að nýta sér með réttum hætti þann eftirlitsbúnað sem er til staðar?
 - hvert þeir eiga að snúa sér með vandamál og bilanir á eftirlitsbúnaði?
 - hvernig eigi að framkvæma fyrirhugað viðhald og skoðanir á virkni, einkum á staðbundinni útblástursræstingu og öðrum varnarbúnaði?

- hvað þeir eiga að gera ef slys, önnur atvik eða neyðaraðstæður koma upp þar sem hættuleg efni koma við sögu?
- hvernig á að meðhöndla úrgang?
- Taka starfsmenn þátt í reglulegum uppfærslum á áhættumatinu og hljóta þeir reglulega þjálfun?

Frekari upplýsingar

Dæmi um árangursrík samskipti varðandi áhættur og staðreyndablöð um hættuleg efni má finna á: <http://osha.europa.eu/en/publications/factsheets>.

Vefsíða stofnunarinnar inniheldur líka algengar spurningar um, til að mynda, REACH, CLP, og annað efni sem vísað er til að neðan.

Raundæmi um hagnýtar lausnir. Tiltæk á: http://osha.europa.eu/en/practical-solutions/case-studies/index_html/practical_solution?SearchableText=&is_search_expanded=True&getRemoteLanguage=en&keywords%3Alist=nanotechnology&nace%3Adefault=&multilingual_thesaurus%3Adefault=&submit=Search

Hætta: Kemísk efni! Veist þú hvað þessi myndtákn þýða? (veggspjald á 24 tungumálum). Tiltæk á: <https://osha.europa.eu/en/publications/promotional-material/clp-poster/view>

Hætta: Kemísk efni! Útskýringar á myndtáknunum (bæklingur á 24 tungumálum). Tiltækur á: <https://osha.europa.eu/en/publications/promotional-material/clp-poster/view>

Hættuleg efni og áhættumat (PowerPoint kynning á 22 tungumálum). Tiltæk á: https://osha.europa.eu/en/topics/ds/materials/en_ds.ppt

E-staðreyndir 26 – hættuleg efni í HORECA. Tiltækur á: <https://osha.europa.eu/en/publications/e-facts/efact26/view>

E-staðreyndir 41 – ræstitækna og hættuleg efni. Tiltækur á: <https://osha.europa.eu/en/publications/e-facts/efact41/view>

E-staðreyndir 66: Viðhald og hættuleg efni. Tiltækur á: <https://osha.europa.eu/en/publications/e-facts/efact66/view>

E-staðreyndir 67: Viðhald og hættuleg efni - viðhald í efnaiðnaðinum. Tiltækur á: <https://osha.europa.eu/en/publications/e-facts/efact67/view>

Vefsíða EU-OSHA um CLP Tiltæk á: <https://osha.europa.eu/en/topics/ds/clp-classification-labeling-and-packaging-of-substances-and-mixtures>

Vefsíða EU-OSHA um REACH. Tiltæk á: <https://osha.europa.eu/en/topics/ds/reach>
Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, breytingar á merkimiðum kemískra efna og SDS, CLP vinnuverndarþjálfun, 2012. Tiltæk á: <https://osha.europa.eu/en/topics/ds/materials/clp-training.pdf>

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, breytingar á merkimiðum kemískra efna og SDS – minnispunktar ræðumanns, 2012. Tiltækt á: <https://osha.europa.eu/en/topics/ds/materials/clp-speakers-notes.pdf>

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, CLP vinnuverndarleiðbeiningar, 2012. Tiltækur á: <https://osha.europa.eu/en/topics/ds/materials/clp-osh-guidance.pdf>

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, CLP vinnuverndarbæklingur, 2012. Tiltækur á: <https://osha.europa.eu/en/topics/ds/materials/clp-leaflet.pdf>

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, CLP vasaspjald, 2012. Tiltækt á:

<https://osha.europa.eu/en/topics/ds/materials/clp-pocket-card.pdf>

Staðreyndablað 33 – kynning á hættulegum efnum á vinnustöðum (í boði á 22 tungumálum). Tiltækt á: <https://osha.europa.eu/en/publications/factsheets/33/view>

Staðreyndablað 34 - eyðing og staðgengni hættulegra efna (á 22 tungumálum) Tiltækt á: <https://osha.europa.eu/en/publications/factsheets/34/view>

Staðreyndablað 44 – hvernig á að koma vinnuverndarupplýsingum á framfæri með skilvirkum hætti: Fjallað um hættuleg efni. Samantekt á skýrslu (á 22 tungumálum). Tiltæk á: <https://osha.europa.eu/en/publications/factsheets/44/view>

Forum 12 – unnið með hættuleg efni: Evrópska áskorunin í stefnumótun (á fimm tungumálum). Tiltæk á: <https://osha.europa.eu/en/publications/reports/12/view>

Algengar spurningar um CLP og REACH. Tiltækar á: [https://osha.europa.eu/en/practical-solutions/faqs?category=dangerous substances&subcategory=dangerous substances::clp_reach](https://osha.europa.eu/en/practical-solutions/faqs?category=dangerous%20substances&subcategory=dangerous%20substances::clp_reach)

Leiðbeiningar fyrir atvinnurekendur um stjórnun áhættna sem stafa af kemískum efnum. Tengingin á milli tilskipunarinnar um kemísk efni og REACH á vinnustöðum, framkvæmdastjórn Evrópusambandsins 2010, <https://osha.europa.eu/en/topics/ds/materials/reach-guidance-employers.pdf>

Napó í hættu: efni! Tiltækt á: [http://www.napofilm.net/en/napos-films/multimedia-film-episodes-listing-view?set language=en&filmid=napo-012-danger-chemicals](http://www.napofilm.net/en/napos-films/multimedia-film-episodes-listing-view?set%20language=en&filmid=napo-012-danger-chemicals)

Hagnýtar lausnir – áhættumatstól. Tiltæk á: [https://osha.europa.eu/en/practical-solutions/risk-assessment-tools/index_html/practical-solution?SearchableText=&is_search_expanded=True&getRemoteLanguage=en&subcategory2=dangerous substances&subcategory%3Alist=dangerous substances&nace2=&multilingual theaurus2=&submit=Search](https://osha.europa.eu/en/practical-solutions/risk-assessment-tools/index_html/practical-solution?SearchableText=&is_search_expanded=True&getRemoteLanguage=en&subcategory2=dangerous%20substances&subcategory%3Alist=dangerous%20substances&nace2=&multilingual_theaurus2=&submit=Search)

Skýrsla – hvernig á að koma vinnuverndarupplýsingum á framfæri með skilvirkum hætti: Fjallað um hættuleg efni. Tiltæk á: <https://osha.europa.eu/en/publications/reports/312/view>